

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður, Árni Stefánsson, Hörður Oddfríðarson Ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri

Afboða, mæta ekki :

Fundur 05.11 2024 settur kl. 18.00

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. ÍM25 verður haldið í Ásvallalaug 8-10 nóvember. Alls eru 178 keppendur skráðir til leiks og mönnun sjálfboðaliða lítur vel út. SSÍ mun vera með streymi frá mótinu sem verður inn á streymissvæði SSÍ og úrslitahlutum verður einnig streymt/sjónvarpað á RÚV 2 föstudag og laugardag en á RUV.is á sunnudag. Fyrirkomulag verður með svipuðum hætti og á síðustu mótum þar sem verlaunaafhending verður strax að loknum hverjum hluta. Leifur Guðni mótastjóri gerði grein fyrir undirbúningi og umfangi móts. Meðal nýjunga á mótinu eru 50 þús kr.- Peningaverðlaun fyrir Íslandsmet í opnum flokki einstaklinga frá styrktaraðila.
- b. Næstu mót eru NM sem verður haldið í Danmörku 29.nóv- 1.des , HM25 í Búlgaríu 10-15. des og Bikar 20 - 21. des í Reykjanesbæ.
- c. Anton Sveinn Mckee hefur gefið út að hann sé hættur að keppa í sundi og snúið sér að öðrum verkefnum. Anton Sveinn hefur verið einn besti íþróttamaður okkar Íslendinga um langt skeið og þökkum við Antoni fyrir allt sem hann hefur gert fyrir sundið og íþróttir í landinu almennt.
- d. Landsátakið Syndum var sett í Ásvallalaug þann 1. nóv s.l. Þær Júlía Þorvaldsdóttir varaformaður SSÍ, Þórey Edda Elísdóttir frá ÍSÍ og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri Hafnarfjarðar fluttu ávörp við setningu átaksins. Sem fyrr gengur átakið útá að hin almenni iðkandi ásamt þeim sem æfa sund „safni“ syntum kílómetrum fyrir hönd sinnar sundlaugar.
- e. Þann 18. október síðastliðin hélt ÍSÍ Teams fund með sérsamböndum þar sem þau voru hvött til að senda inn bréf vegna fjárlagafrumvarps 2025 sem nú er í vinnslu. SSÍ hafði áður sent athugasemd við frumarmið inn á samráðsgátt alþingis en sendi einnig, í kjölfar þessara fundar, bréf á ráðuneyti og fólk í fjárlaganefnd þingsins.
- f. Dómaranefnd hefur óskað eftir áætlun um hversu marga dómara við getum sent til leiks á næstu alþjóðlegu mótum. Mótin eru þessi:
 - a. HM og HM masters in Singapore sumar 2025. Ekki sótt um.
 - b. Smáþjóðaleika – Sækja um fyrir 1-2 dómara
 - c. EMU23 – Sækja um fyrir 1 dómara
 - d. EYOF – Sækja um fyrir 1-2 dómara
 - e. EMU – Sækja um fyrir 1 dómara
 - f. EM25 í des 2025 og EM25 Masters – Sækja um fyrir 1 dómara
- g. Mannvirkjaskýrsla – Endanleg útgáfa komin út og verður send á hreyfinguna og bæjarfélög.
- h. Lágmarkahandbók er kominn út og hefur verið sett á heimasíðu SSÍ og send til félaganna.

- i. Tillaga um breytingu á reglugerð SSÍ um Viðavatnssund. Viðbót við 6.grein þar við bætist „o) liður Drengjasund frá litlu fjörunni beint fyrir utan sundlaugina á Flateyri og endar á Hóltsströnd eða öfugt.“ *Samþykkt.*
- j. Ísland er mótshaldari fyrir Norðurlandameistaramótið 2025. Okkar tillaga er að halda mótið 28-30. nóvember í Laugardalslaug. Skipuð var mótanefnd SSÍ sem mun annast undirbúning mótsins fyrir hönd SSÍ og kalla til sín þá sem þau telja nýtast nefndinni best. Mótnefnd SSÍ skipa: Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Guðrún Pálsdóttir stjórnarmaður og Björn Valdimarsson frá ÍF. Nefndin vinnur náið með starfsfólki -og stjórn SSÍ.

3. Afreksmál

- Þann 22. okt s.l var haldin fundur með yfirþjálfurum félaganna. Fundurinn var haldin í húsakynnum ÍSÍ og var þáttaka góð. Eyleifur hélt kynningu um það helsta og í kjölfarið spunnust umræður. Fundurinn kom vel út og allir voru samstíga með næstu skref. Helstu niðurstöður fundarins voru:
 - AMÍ verði haldið næst síðustu helgi júní mánaðar 2025
 - SMÍ verði haldið síðustu helgi júní mánaðar fyrir 13 ára og eldri (ný stigakeppni félaga og tveggja hluta prógram)
 - Samstarf við Færeyjar um Dual-mót fyrir Framtíðarhóp í september
 - Eyleifur mun setja sig í samband við þjálfara í næstu viku varðandi komandi verkefni (NM, HM25) og Æfingabúðir í janúar
 - Finna dagsetningar fyrir landsliðsæfingar ca einu sinni í mánuði eftir áramót.
 - Eyleifur mun setja upp hugmynd fyrir kríteríur fyrir B-landsliðsverkefni í byrjun júlí
 - Við munum skoða hvort við getum haft einhverskonar „stroke camps“ fyrir þjálfara (tæknifyrirlastra)
 - Stefnt að næsta fundi á RIG og svo öðrum í apríl til að raða upp atburðadagatali.
- Eyleifur mun fara bæði á NM í Vejle og HM í Búdapest og fer svo upp til Álaborgar eftir NM og ferðast með Snæfríði á HM.
- Búið er að heyra í þjálfurum félagana sem eru líklegust til að senda þjálfara á NM og HM. Hverjir fara ræðst svo um helgina
- Eyleifur átti góðan fund með Johan Setterberg sem vinnur fyrir Norska landsliðslið hvað varðar test og greiningar. Erum að skoða meira samstarf á milli norðurlandþjóða á þessum vettvangi.

4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- Farið yfir fundargerð 127. Fundar dómaranefndar frá 22. Okt
- Skýrsla frá EA ráðstefnu í Belfast á Írlandi í 27-28 okt.

5. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
25.09.2024	Sport Transparency index project	WA
22.10.2024	Hinsegin börn og ungmenni í íþróttá-, tómstunda-	ÍSÍ
22.10.2024	Fyrri fundarboð formannafundur	ÍSÍ
26.10.2024	Framúrskarandi Íslendingur	Framúrskarandi
02.11.2024	Boðskort HM í Kraftlyftingum	Kraft
04.11.2024	Hvað virkar í forvörnum	ÍSÍ/landlæk
06.11.2024	European Aquatics development programs	LEN

6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Birna Rún Jónsdóttir	UMFA	ÍA	01.11. 2024	30.11.2024

7. Staðfesting meta / afreka

25m laug Unglingamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðnánarson	SH	00:24.20	20.10.2024	Hafnarfj

- Stjórn SSÍ er það ljúft og skylt að staðfesta að fjórar íslenskar konur sem kalla sig Valkyrjurnar syntu yfir Ermarsundið í boðsundi 28. september sl., og er það fyrsta boðsundssveitin frá Íslandi þar sem aðeins fjórir einstaklingar synda yfir. Í sveitinni voru:
 - María Fanndal Birkisdóttir
 - Iðunn Ása Óladóttir
 - Ásta Þóra Ólafsdóttir
 - Ísey Gréta Þorgrímsdóttir

Sveitin synti yfir á 12 klukkustundum og 56 mínútum og er það annar besti tími sem íslensk sveit hefur synt á. Stjórn SSÍ óskar Valkyrjunum til hamingju með árangurinn.

- Stjórn SSÍ staðfestir Drengjasund Sigurgeirs Svanbergssonar frá því 13.ágúst 2024.

8. Önnur mál:

- Formannafundur ÍSÍ verður haldin 22. nóv n.k og munu framkvæmdastjóri og formaður sækja fundinn.
- Fjármálaráðstefna ÍSÍ verður haldin þann 14. nóv n.k. Formaður framkvæmdastjóri og gjaldkeri munu sækja fundinn og allir stjórnarmenn hvattir til að mæta.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 19.30

Næsti fundur 26. nóv kl: 18